

Erindi Gizurar Bergsteinssonar dags. 18. janúar 2021, til íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis, um umferðarhraða í Álmgærði og Hlyngærði

Góðan dag,

Undirritaður sem býr í Hlyngærði 1 í Reykjavík fer hér með fram á að íbúaráð Háaleitis- og bústaðahverfis taki til skoðunar hvernig bregðast skuli við miklum umferðarhraða í Álmgærði en börn sem búa við Furugærði, Hlyngærði, Seljugærði og Viðjugærði þurfa að fara yfir götuna á leið sinni í Hvassaleitisskóla. Leyfilegur hámarkshraði í Álmgærði er 30 km/klst. Samkvæmt upplýsingum undirritaðs hafa lögregluyfirvöld áhyggjur af umferðarhraða í götunni en samkvæmt mælingum lögreglu er brotahlutfall þar hátt. Að sögn lögreglu er umferðarhraði í götunni mældur reglulega og eru upplýsingar um hraðamælingar ávallt sendar borgaryfirvöldum. Á heimasíðu lögreglunnar má finna fréttatilkynningar um eftirfarandi mælingar:

- **22. ágúst 2017**

Brot 30 ökumanna voru mynduð í Álmgærði í Reykjavík. Fylgst var með ökutækjum sem var ekið Álmgærði í vesturátt, við Hlyngærði. Á einni klukkustund, fyrir hádegi, fóru 68 ökutæki þessa akstursleið og því ók meira en þriðjungur ökumanna, eða 44%, of hratt eða yfir afskiptahraða. Meðalhraði hinna brotlegu var 43 km/klst en þarna er 30 km hámarkshraði. Sá sem hraðast ók mældist á 48.

- **6. október 2017**

Brot 41 ökumanns var myndað í Álmgærði í Reykjavík. Fylgst var með ökutækjum sem var ekið Álmgærði í vesturátt, við Hlyngærði. Á einni klukkustund, eftir hádegi, fór 81 ökutæki þessa akstursleið og því ók meirihluti ökumanna, eða 51%, of hratt eða yfir afskiptahraða. Meðalhraði hinna brotlegu var 43 km/klst en þarna er 30 km hámarkshraði. Sá sem hraðast ók mældist á 56.

- **6. apríl 2018**

Brot 26 ökumanna voru mynduð í Álmgærði í Reykjavík í gær. Fylgst var með ökutækjum sem var ekið Álmgærði í vesturátt, við Hlyngærði. Á einni klukkustund, eftir hádegi, fóru 73 ökutæki þessa akstursleið og því ók meira en þriðjungur ökumanna, eða 36%, of hratt eða yfir afskiptahraða. Meðalhraði hinna brotlegu var 45 km/klst en þarna er 30 km hámarkshraði. Sá sem hraðast ók mældist á 52.

- **26. júní 2018**

Brot 23 ökumanna voru mynduð í Álmgærði í Reykjavík. Fylgst var með ökutækjum sem var ekið Álmgærði í vesturátt, við Hlyngærði. Á einni klukkustund, eftir hádegi, fóru 58 ökutæki þessa akstursleið og því ók meira en þriðjungur ökumanna, eða 40%, of hratt eða yfir afskiptahraða.

Meðalhraði hinna brotlegu var 42 km/klst en þarna er 30 km hámarkshraði. Sá sem hraðast ók mældist á 49.

- **16. október 2018**

Brot 16 ökumanna voru mynduð í Álmgerði í Reykjavík í dag. Fylgst var með ökutækjum sem var ekið Álmgerði í vesturátt, við Hlyngerði. Á einni klukkustund, fyrir hádegi, fóru 48 ökutæki þessa akstursleið og því ók þriðjungur ökumanna, eða 33%, of hratt eða yfir afskiptahraða. Meðalhraði hinna brotlegu var 43 km/klst en þarna er 30 km hámarkshraði.

- **24. september 2019**

Brot 28 ökumanna voru mynduð í Álmgerði í Reykjavík. Fylgst var með ökutækjum sem var ekið Álmgerði í vesturátt, við Hlyngerði. Á einni klukkustund, eftir hádegi, fóru 60 ökutæki þessa akstursleið og því ók hátt í helmingur ökumanna, eða 47%, of hratt eða yfir afskiptahraða. Meðalhraði hinna brotlegu var 44 km/klst en þarna er 30 km hámarkshraði. Sá sem hraðast ók mældist á 61.

Samkvæmt upplýsingum lögreglu eru umræddar mælingar gerðar utan háannatíma og má búast við að hvort tveggja umferð og umferðarhraði sé meiri á háannatíma. Undirritaður getur staðfest það, en hraðinn er mestur á morgnana þegar ökumenn er á leið í vinnu. Með vísan til þessa er því beint til íbúaráðs að skoða hvernig tryggja megi öryggi barna sem þurfa að fara yfir Álmgerði á leið sinni að Hvassaleitisskóla, þar með talið hvort ástæða sé til að gera götuna að botnlangagötu líkt og gert hefur verið með góðum árangri í Bólstaðarhlíð. Athygli íbúaráðs er vakin á því að mælingar lögreglu eru gerðar á gatnamótum Álmgerðis og Hlyngerðis en þar er um að ræða mjög stuttan kafla milli tveggja hraðahindrana. Ljóst er því að uppsetning hraðahindrananna hefur ekki skilað tilætluðum árangri.

Að gefnu tilefni skal tekið fram að í flestum húsum í Hlyngerði búa nú börn sem eru á skólaaldri eða við það að hefja skólagöngu. Sem dæmi má nefna að í Hlyngerði 1, 3 og 4 búa börn á aldrinum 0, 2, 4, 5, 6, 6 og 7 ára. Með vísan til framangreinds er skorað á íbúaráð að taka erindi þetta til gaumgæfilegrar athugunar.

Undirritaður óskar eftir því að hann verði upplýsingar um afgreiðslu erindis þessa.

Með kveðju,

Gizur Bergsteinsson

Hlyngerði 1

108 Reykjavík